

REGLUGERÐ

um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara.

1. gr.

Innleiðing.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirfarandi ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 380.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/427 frá 13. janúar 2020 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar tiltekna ítarlegar reglur um framleiðslu á lífrænt ræktaðum vörum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 482.
3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1693 frá 11. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/848 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara að því er varðar daginn þegar hún kemur til framkvæmda og tiltekna aðrar dagsetningar sem um getur í þeirri reglugerð. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 472.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1794 frá 16. september 2020 um breytingu á I. hluta II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar hlutun á plöntufjölgunarefni í aðlögun og plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 485.
5. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/269 frá 4. desember 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/427 að því er varðar gildistökudagsetningu breytinga á tilteknum ítarlegum reglum um framleiðslu á lífrænt ræktaðum vörum í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 493.
6. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/642 frá 30. október 2020 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar tiltekna upplýsingar sem eiga að koma fram á merkingu lífrænt ræktaðra vara. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 475.
7. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/715 frá 20. janúar 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur varðandi hópa rekstraraðila. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 554.
8. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/716 frá 9. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar

reglur um lífræna framleiðslu á spírudum fræjum og jólasalati, um fóður fyrir tiltekin lagareldisdýr og um meðhöndlun gegn sníklum í lagareldi. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 479.

9. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1006 frá 12. apríl 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar fyrirmynd að vottorði þar sem staðfest er að farið hafi verið að reglum um lífræna framleiðslu. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 524.
10. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1691 frá 12. júlí 2021 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um skráhald rekstraraðila í lífrænni framleiðslu. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 534.
11. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1697 frá 13. júlí 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar viðmiðanir er varða viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem eru til þess bær að annast eftirlit með lífrænt ræktuðum vörum í þriðju löndum og um afturköllun á viðurkenningu þeirra. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2022, frá 4. febrúar 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 17. mars 2022, bls. 542.

Reglugerð (ESB) 2018/848 skal gilda með þeim aðlögunum sem fram koma í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2022, frá 4. febrúar 2022.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða, lagareldisdýra, sjávargróðurs, matvæla og fóðurs, aðlögun að lífrænni framleiðslu og merkingu lífrænna vara. Reglugerðin gildir um öll stig framleiðslu, vinnslu, dreifingar og sölu, sem og innflutnings á slíkum vörum frá löndum utan EES.

Afurðir sem unnar eru úr villtum dýrum og lagardýrum falla ekki undir ákvæði þessarar reglugerðar. Reglugerðin tekur ekki til matvæla sem tilreidd eru í stórelldhúsum, s.s. veitingahúsum, mötuneytum, skólum, sjúkrahúsum og veitingaþjónustufyrirtækjum þar sem matvæli eru, sem þáttur í rekstrinum, tilreidd til að vera tilbúin til neyslu lokaneytenda.

3. gr.

Skráning rekstraraðila og vottun.

Áður en rekstraraðilar, sem hyggjast rækta, framleiða, geyma, dreifa eða markaðssetja lífrænar afurðir, sem falla undir gildissvið þeirra reglugerða sem taldar eru upp í 1. gr., skulu þeir tilkynna um þessa starfsemi til Matvælastofnunar. Matvælastofnun skal halda úti skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa lífræna vottun.

Vottun um ræktun, framleiðslu, geymslu, dreifingu eða markaðssetningu lífrænna vara er gefin út til rekstraraðila eða hópa rekstraraðila sem uppfylla kröfur reglugerðarinnar og falla undir eftirlitskerfi fyrir lífræna framleiðslu.

Kröfur þær sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. gilda jafnframt um undirverktaka í þeim tilvikum sem rekstraraðili útvistar starfsemi sinni.

4. gr.

Undanþága frá vottun.

Rekstraraðilar sem selja lífrænt ræktaðar vörur, eingöngu forpakkaðar, beint til lokaneytenda, eru undanþegnir kröfunni um tilkynningu sbr. 1. mgr. 3. gr.

Rekstraraðilar sem selja ópakkaðar vörur, aðrar en fóður, beint til lokaneytenda, skulu tilkynna um starfsemi sína til Matvælastofnunar en eru undanþegnir kröfunni um að hafa vottun um lífræna framleiðslu að uppfylltum skilyrðum um minni veltu, sbr. skilgreiningu 8. tl. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

Undanþágur skv. 1. og 2. mgr. gilda ekki um fyrirtæki sem:

- a. framleiða eða tilreiða vörur,
- b. geyma vörur á öðrum stað en sölustað,
- c. flytja inn vörur frá ríkjum utan EES, eða
- d. útvista starfsemi eins og þeirri sem getið er í liðum a-c til undirverktaka eða þriðja aðila.

5. gr.

Eftirlit með lífrænni framleiðslu.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli og II. kafla laga nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

Matvælastofnun er heimilt að framselja opinbert eftirlit með lífrænni framleiðslu og merkingu lífrænna vara til faggildra vottunarstofa, sbr. 23. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum.

Eftirlit með smásölu lífrænna vara er í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, sbr. 6. gr. k laga nr. 93/1995, um matvæli.

6. gr.

Samþykkt sérstakra framleiðslureglna/undanþága.

Matvælastofnun veitir undanþágur vegna notkunar á plöntufjölgunarefni og dýrum úr hefðbundinni ræktun að uppfylltum skilyrðum sem sett eru í reglugerð (ESB) 2018/848 með síðari breytingum í II. viðauka, I. hluta tölulið 1.7.5.1 til 1.8.5.5 varðandi plöntufjölgunarefni og II. viðauka, II. hluta, tölulið 1.3.4.4.

Í sérstökum tilvikum getur Matvælastofnun heimilað undanþágur frá ákvæðum reglugerðar þessarar, enda stangist það ekki á við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, þar á meðal EES-samninginn.

a.

Hægvaxta tegundir alifugla til slátrunar.

Matvælastofnun skal veita samþykki fyrir vali á hægvaxta tegundum á alifuglum í eldi til slátrunar samanber II. viðauka, II. hluta, tölulið 1.9.4.1 við reglugerð (ESB) 2018/848. Rekstraraðilar sem óska eftir að halda alifugla til slátrunar í lífrænu eldi geta sent gögn til Matvælastofnunar sem sýna fram á að tegund sem óskað er eftir að ala sé hægvaxta.

b.

Hvíld útisvæða alifugla.

Eftir að eldishús hefur verið tæmt skal útisvæði fyrir alifugla standa autt og ónotað í einn mánuð áður en nýr eldishópur fær aðgang að því í samræmi við II. viðauka, II. hluta, lið 1.9.4.4.c reglugerðar (ESB) 2018/848.

c.

Fóðurbætir.

Ef ekki er nægt aðgengi að fóðri fyrir jörturdýr, með nægu innihaldi af náttúrulegum vítamínum, er heimilt að nota tilbúin A-, D- og E-vítamín í samræmi við 3. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1165, III. viðauka, B-hluta nr. 3 (a), sem innleidd er með reglugerð nr. 203/2023.

d.
Þéttleiki dýra á beit.

Dýrategund	Hámarksfjöldi dýra á hektara
Nautgripir, yngri en 12 mánaða	7
Nautgripir, 12-24 mánaða	5
Mjólkurkýr	2,2
Holdakýr	3
Ær	17,5
Geitur	17,2
Hross	3
Eldisgrísir	17
Gyltur	7,5
Eldiskanínur	100
Kanínur	10
Varphænur	200
Kjúklingar	650

e.

Fóður frá eigin býli/sama landsvæði.

Þegar fjallað er um notkun fóðurs og fóðurefna frá sama landsvæði í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 skal það lesast sem „upprunnið innan Evrópska efnahagssvæðisins“.

7. gr.

Notkun hugtaka, mynda o.fl.

Óheimilt er að nota hvers kyns orð, orðmyndir, hugtök, myndir eða tákn sem vísa til lífrænnar framleiðslu á merkingum umbúða, í auglýsingaefni eða viðskiptaskjölum nema framleiðslan uppfylli skilyrði í reglugerð um lífræna framleiðslu og hafi hlotið vottun til notkunar á vörumerki til lífrænnar framleiðslu frá lögbæru yfirvaldi eða vottunarstofu.

8. gr.

Gjaldskrá.

Gjaldskrá vegna eftirlits og vottunar á samræmi við kröfur við lífrænnar framleiðslureglur, í reglugerðum sem taldar eru upp í 1. gr., skal birt opinberlega og uppfylla kröfur reglugerðar nr. 234/2020, um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi með matvæli, fódri o.fl.

9. gr.

Innflutningur.

Innflutningsaðilar skulu tilkynna faggilttri vottunarstofu um innflutning á vörum sem falla undir reglugerð þessa frá löndum utan EES, eigi síðar en einum virkum degi fyrir komu.

Innflutningur á vörum sem falla undir reglugerð þessa frá ríkjum utan EES skal vera í samræmi við 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og reglugerð nr. 204/2023 og þeim ákvæðum sem leiðir af I. viðauka við reglugerð þessa.

10. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli og 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. j laga nr. 22/1994, um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

11. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Reglugerðin öðlast þegar gildi og á sama tíma falla brott reglugerðir nr. 477/2017 og nr. 481/2017, með síðari breytingum.

Matvælaráðuneytinu, 27. febrúar 2023.

Svandís Svavarsdóttir.

Iðunn María Guðjónsdóttir.

I. VIÐAUKI

LISTI

yfir þau þriðju ríki og vöruflokka sem hlotið hafa viðurkenningu á jafngildi,
sbr. 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

I. Sviss

Vöruflokkar

Vöruflokkur	Tilgreining á flokki eins og í IV. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir	A	Að undanskildum vörum sem eru framleiddar á aðlögunartímanum
Lifandi dýr og óunnar dýraafurðir	B	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli	D	Að undanskildum vörum sem innihalda innihaldsefni úr landbúnaði sem eru framleidd á aðlögunartímanum
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem fóður	E	Að undanskildum vörum sem innihalda innihaldsefni úr landbúnaði sem eru framleidd á aðlögunartímanum
Efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar	F	

Uppruni: afurðir í flokki A og F sem hafa verið ræktaðar í Sviss og afurðir í flokki D og E sem hafa verið unnar í Sviss með lífrænt ræktuðum innihaldsefnum sem hafa verið ræktuð í Sviss eða verið flutt inn í Sviss:

- annaðhvort frá EES
- eða frá þriðja landi, enda hafi Sviss viðurkennt að afurðirnar hafi verið framleiddar og haft með þeim eftirlit í þriðja landinu í samræmi við reglur sem eru jafngildar þeim reglum sem mælt er fyrir um í svissneskri löggjöf.

Framleiðslustaðall: reglugerð um lífrænan búskap og merkingu lífrænt ræktaðra plöntuafurða og matvæla.

Lögbært yfirvald: Federal Office for Agriculture FOAG.

Eftirlitsaðilar.

Skráin yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem lögbært yfirvald í Sviss viðurkennir til að votta lífrænt ræktaðar vörur sem ætlunin er að flytja út til EES er eftirfarandi:

Kenninúmer	Heiti
CH-BIO-004	<u>Ecocert IMOSwiss AG</u>
CH-BIO-006	<u>bio.inspecta AG</u>
CH-BIO-038	<u>ProCert AG</u>
CH-BIO-086	<u>Bio Test Agro (BTA)</u>

Gildistími skráningar: ótilgreindur.

II. Breska konungsríkið

Vöruflokkar

Flokkar vara sem falla undir samninginn eru eftirfarandi:

Vöruflokkur eða vörur	Tilgreining á flokki
Óunnar plöntuafurðir	A
Lifandi dýr eða óunnar dýraafurðir, þ.m.t. hunang	B

Vörflokkur eða vörur	Tilgreining á flokki
Lagareldisafurðir og þang og þari	C
Unnar plöntuafurðir sem nota á sem matvæli	D
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem fóður	E
Efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar	F

Uppruni: Lífrænt ræktuðu vörurnar skulu vera óunnar landbúnaðarafurðir eða lagareldisafurðir sem eru framleiddar í Breska konungsríkinu eða unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli eða fóður sem hafa verið unnar í Breska konungsríkinu með innihaldsefnum sem hafa verið ræktuð í Breska konungsríkinu eða flutt inn til Breska konungsríkisins í samræmi við lög og reglur Breska konungsríkisins.

Framleiðslustaðlar:

Lög og reglur sem gilda í Breska konungsríkinu varðandi framleiðslustaðla eru eftirfarandi:

- Reglugerð (EB) 834/2007 sem heldur gildi sínu
- Reglugerð (EB) 889/2008 sem heldur gildi sínu
- Reglugerð (EB) 1235/2008 sem heldur gildi sínu
- Reglugerðirnar um lífrænt ræktaðar vörur frá 2009 (SI 2009/842)

Litið er svo á að tilvísanir í þessari skrá til EES-löggjafar sem heldur gildi sínu séu tilvísanir í slíka löggjöf, eins og Breska konungsríkið breytti henni til að sú löggjöf gildi um Breska konungsríkið við útgöngu þess úr EES-samningnum.

Lögbært yfirvald: Department for Environment, Food and Rural Affairs (DEFRA).

Eftirlitsaðilar.

Skráin yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem lögbært yfirvald í Breska konungsríkinu viðurkennir til að votta lífrænt ræktaðar vörur sem ætlunin er að flytja út til EES er eftirfarandi:

Kenninúmer	Heiti
GB-ORG-02	<u>Organic Farmers & Growers CIC</u>
GB-ORG-04	<u>Organic Food Federation</u>
GB-ORG-05	<u>Soil Association Certification Ltd</u>
GB-ORG-06	<u>Bio-Dynamic Association Certification</u>
GB-ORG-07	<u>Irish Organic Association</u>
GB-ORG-09	<u>Organic Trust CLG</u>
GB-ORG-13	<u>Quality Welsh Food Certification Ltd</u>
GB-ORG-17	<u>O F & G (Scotland) Ltd</u>

Gildistími skráningar: 31. desember 2023.

III. Chile (Síle)

Vörflokkar

Skráin yfir vörur sem falla undir samninginn er eftirfarandi:

Vörflokkur eða vörur	Tilgreining á flokki eins og í IV. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir	A	Eingöngu vörur sem eru tilgreindar í samningnum
Hunang	–	Eingöngu vörur sem eru tilgreindar í samningnum
Unnar plöntuafurðir sem nota á sem matvæli	D	Eingöngu vörur sem eru tilgreindar í samningnum
Efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar	F	Eingöngu vörur sem eru tilgreindar í samningnum

Uppruni: þær vörur sem heimilt er að markaðssetja sem lífrænt ræktaðar vörur frá Chile (Síle) eru listaðar upp í töflu 1 í þessum viðauka, að því tilskildu að þessar vörur uppfylli lög og reglur í Chile (Síle) og þeim fylgi skoðunarvottorð.

Lögbært yfirvald: Servicio Agrícola y Ganadero (SAG), Ministry of Agriculture

Eftirlitsaðilar

Skráin yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem lögbært yfirvald í Chile (Síle) viðurkennir til að votta lífrænt ræktaðar vörur sem ætlunin er að flytja út til EES er eftirfarandi:

Kenninúmer	Heiti
CL-BIO-001	<u>Ecocert Chile S.A.</u>
CL-BIO-005	<u>CERES – Certification of Environmental Standards GmbH</u>
CL-BIO-010	<u>Bio Certificadora Servicios Limitada o Bioaudita</u>
CL-BIO-028	<u>Control Union Peru SAC</u>
CL-BIO-031	<u>MAYACERT SpA</u>

Gildistími skráningar: ótilgreindur.

TAFLA 1

Yfirlit yfir lífrænt ræktaðar vörur frá Chile (Síle) sem flokkast sem jafngildar.

Númer og lýsing í samræmdu tollskránni (e. Harmonized System Nomenclature)		Merkingar
0409	Náttúrulegt hunang	
06	LIFANDI TRÉ OG AÐRAR PLÖNTUR; BLÓMLAUKAR, RÆTUR OG ÞESS HÁTTAR; AFSKORIN BLÓM OG LAUF TIL SKRAUTS	
Eftirfarandi númer í þessum kafla eru aðeins meðtalin ef um óunna vöru er að ræða:		
0603	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt	
0603 90	Annars	
0604	Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt	
0604 90	Annars	
07	MATJURTIR OG TILTEKNAR RÆTUR OG HNYÐI	
08	ÆTIR ÁVEXTIR OG HNETUR; HÝÐI AF SÍTRUSÁVÖXTUM EÐA MELÓNUM	
09	KAFFI, TE, MATÈ* OG KRYDD	* Undanskilið
10	KORN	
11	MALAÐAR VÖRUR; MALT; STERKJA; INÚLÍN; HVEITIGLÚTEN	
12	OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN; ÝMISS KONAR SÁÐKORN, FRÆ OG ALDIN; PLÖNTUR TIL NOTKUNAR Í IÐNAÐI OG TIL LYFJA; HÁLMUR OG FÓÐUR	
Eftirfarandi númer í þessum kafla falla ekki eða aðeins að hluta til undir hann:		
1211	Plöntur eða plöntuhlutar (þar með talin fræ og aldin) sem aðallega er notað í ilmvörur, lyf eða til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, sveppum eða þess háttar, nýtt, kælt, fryst eða þurrkað, einnig sneitt, mulið eða sem duft	Aðeins meðtalið ef vara er óunnin eða er unnin til neyslu
	Efni til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, sveppum eða þess háttar, ný, fersk, kæld, fryst eða þurrkuð, einnig sneidd, mulin eða mulin sem duft	

1212 21	Þang og aðrir þörungar	Undanskilið
1212 21	Hentar til manneldis	Undanskilið
1212 29	Annars	Undanskilið
13	KVOÐULAKK; GÚMKVOÐUR, RESÍN OG AÐRIR JURTASAFAR OG JURTAJARNAR	
Eftirfarandi númer í þessum kafla falla ekki eða aðeins að hluta til undir hann:		
1301	Kvoðulakk; náttúrulegar gúmkvoður; resín, gúmmíharpixar og oleóresín (t.d. balsöm)	Undanskilið
1302	Jurtasafar og jurtaajarnar; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar og önnur jurtaajlm og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaajkinu	Aðeins meðtalið ef vara hefur verið unnin til neyslu
1302 11	Ópíum	Undanskilið
1302 19	Aðrar vörur	Undanskilið
14	FLÉTTIEFNI ÚR JURTAJÁKINU; VÖRUR ÚR JURTAJÁKINU, ÓT.A.	
15	FEITI OG OLÍUR ÚR DÝRA- OG JURTAJÁKINU OG KLOFNINGSEFNI ÞEIRRA; UNNIN MATARFEITI; VAX ÚR DÝRA- EÐA JURTAJÁKINU	
Eftirfarandi númer í þessum kafla falla ekki eða aðeins að hluta til undir hann:		
1501	Svínafeiti (þar með talin hreinsuð svínafeiti (lard)) og alifuglafeiti, þó ekki vörur í nr. 0209 eða 1503	Aðeins meðtalið ef vara hefur verið unnin til neyslu
1502	Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum, þó ekki vörur í nr. 1503	Aðeins meðtalið ef vara hefur verið unnin til neyslu
1503	Svínafeitisterín, svínaolía, tólgaasterín, oleóolía og tólgaolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt	Aðeins meðtalið ef vara hefur verið unnin til neyslu
1505	Ullarfeiti og feitiefni unnin úr henni (þar með talið lanólín)	Undanskilið
1506	Önnur dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	Undanskilið
1515 30	Laxerolía og þættir hennar	Undanskilið
1515 90	Aðrar vörur	Jojobaolía fellur ekki undir þennan undirkafla. Aðrar vörur falla einungis undir þennan kafla ef þær eru unnar til neyslu
1516 20	Jurtafeiti og -olíur og þættir þeirra	Aðeins meðtalið ef vara hefur verið unnin til neyslu
1518	Dýra-, jurta- og örverufeiti og -olíur og klofningsefni þeirra, soðið, oxað, vatnssneytt, brennisteinsborið, blásið, fjölliðað með hita í lofttömi eða í eðalgasi eða efnafræðilega umbreytt með öðrum hætti, þó ekki það sem er í nr. 1516; óætar blöndur eða framleiðsla úr dýra-, jurta- eða örverufeiti eða -olíum eða úr þáttum úr mismunandi feiti eða olíum þessa kafla, ót.a.	Undanskilið
1520	Glyseról (glyserín), hrátt; glyserólvatn og glyserollútur	Undanskilið
1521	Jurtavax (annað en triglyseríð), býflugnavax, annað skordýravax og hvalaraf, einnig hreinsað eða litað	Undanskilið, að undanskildu jurtavaxi ef það er unnið til neyslu
17	SYKUR OG SÆTINDI	

18	KAKAÓ OG FRAMLEIÐSLA ÚR KAKAÓI	
19	FRAMLEIÐSLA ÚR KORNI, FÍN MÖLUÐU MJÖLI, STERKJU EÐA MJÓLK; SÆTABRAUÐ	
20	FRAMLEIÐSLA ÚR MATJURTUM, ÁVÖXTUM, HNETUM EÐA ÖÐRUM PLÖNTUHLUTUM	
21	ÝMIS MATVÆLAFRAMLEIÐSLA	
22	DRYKKJARVÖRUR, ÁFENGIR VÖKVAR OG EDIK	
Eftirfarandi númer í þessum kafla falla ekki eða aðeins að hluta til undir hann:		
2201	Vatn, þar með talið náttúrulegt eða gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt; ís og snjór	Undanskilið
2202	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta-, hnetu- eða matjurtasafar í nr. 2009	Undanskilið
2208	Ómengið etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur	Aðeins meðtalið ef það er framleitt með vinnslu landbúnaðarvara til neyslu
3301	Rokgjarnar olíur (einnig terpensnauðar), einnig fastar eða fljótandi; resinóíð; úrdregin oleóresín; kjarnar úr rokkgjörnum olíum í feiti, órokkgjörnum olíum eða vaxi eða þess háttar, fengnir með „enfleurage“ eða „maceration“; terpenríkar aukaafurðir frá terpensneyðingu rokkgjarnra olía; vatnskennt eimi og vatnsupplausnir úr rokkgjörnum olíum	Aðeins meðtalið ef vara er notuð til neyslu